



12. júlí 2021  
Tilv.: 2101034

Dreifibréf númer: 40/2021  
Til rekstraraðila sérhæfðra sjóða

*Efni:* Viðmiðunarreglur ESMA um skýrsluskilakröfur

Þann 8. ágúst 2014 gaf ESMA út viðmiðunarreglur (e. guidelines) um skýrsluskilakröfur skv. d lið 3. mgr. 3. gr. og 1, 2. og 4. mgr. 24. gr. AIFMD (ESMA/2014/869). Ákvæði 24. gr. AIFMD var innleitt með 48. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem tóku gildi hér á landi árið 2020 og hefur Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands tekið mið af þeim. Viðmiðunarreglurnar ná til rekstraraðila sérhæfðra sjóða og fjalla um upplýsingagjöf rekstraraðila sérhæfðra sjóða til lögbærra yfirvalda.

Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

<https://www.esma.europa.eu/sites/default/files/library/2015/11/2014-869.pdf>

Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og viðkomandi eftirlitskyldir aðilar að leita allra leiða til að fara að viðmiðunarreglum eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum.

Dreifibréf þetta mun birtast á heimasíðu Seðlabanka Íslands ásamt slóð á ensku útgáfu viðmiðunarreglnanna. Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) mun jafnframt styðjast við viðmiðunarreglurnar við eftirlitsframkvæmd.


Fjármálaeftirlitið beinir því til rekstraraðila sérhæfðra sjóða að kynna sér umræddar viðmiðunarreglur ESMA og taka mið af þeim í starfsemi sinni eftir því sem við á.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Fjármálaeftirlit

  
Rannveig Jónúsdóttir  
framkvæmdastjóri  
skrifstofa bankastjóra

  
Aðalsteinn Eymundsson  
forstöðumaður  
markaðir og viðskiptahættir

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Kalkofnsvegi 1 101 Reykjavík www.sedlabanki.is 569 9600 sedlabanki@sedlabanki.is